



Húnabing vestra

Hvammstangi í Húnabingi vestra er stærsti þéttbýliskjarni sveitarfélagsins með um 600 íbúa en íbúar í Húnabingi vestra eru 1.170. Hvammstangi er í alfaraleið, aðeins 6 km. frá Þjóðvegi 1 og í u.þ.b. tveggja klst. akstursfjarlægð frá Reykjavík og Akureyri. Í Húnabingi vestra er til staðar öll almenn opinber þjónusta auk annarrar fjölbreyttrar þjónustu. Möguleikar til útivistar, íþróttar, afþreyingar og félagsstarfa eru fjölmargir og því er Húnabing vestra góður búsetukostur fyrir fjölskyldufólk.

Rekstrarstjóri Framkvæmda- og umhverfissviðs

Laust er til umsóknar starf rekstrarstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs sveitarfélagsins Húnabings vestra. Um er að ræða 100% starf í stjórnáslu sveitarfélagsins. Starfið heyrir beint undir sviðsstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs Húnabings vestra. Leitað er að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi í starf rekstrarstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs.

Starfssvið

- Rekstrarstjóri annast daglega stjórnun verklegra framkvæmda, viðhaldsmála, áætlanagerðar og eftirlits á sviði þjónustumiðstöðvar (áhalda húss), Eignasjóðs og annarra eigna sveitarfélagsins, veitna, hafnarsjóðs Hvammstangahafnar, garðyrkju- og umhverfisdeildar, o.fl. sem fellur undir starfsemi framkvæmda- og umhverfissviðs í samráði og samvinnu við sviðsstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs og sveitarstjóra.
- Rekstrarstjóri situr reglulega fundi framkvæmda- og umhverfissviðs og stýrir þeim í forföllum sviðsstjóra.
- Rekstrarstjóri er staðgengill sviðsstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs og hefur alla umsjón með verkefnum sviðsins í forföllum sviðsstjóra eftir því sem við getur átt.
- Rekstrarstjóra er ætlað að sitja fundi skipulags- og umhverfisráðs og aðra fundi er falla undir verksvið framkvæmda- og umhverfissviðs skv. ákvörðun sviðsstjóra og sveitarstjóra hverju sinni.
- Rekstrarstjóri hefur starfsstöð í Ráðhúsi Húnabings vestra og í þjónustumiðstöð (áhalda húsi) sveitarfélagsins.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Meistarapróf í löggiltri iðngrein eða tæknigreinum sem nýtist í starfi.
- Menntun og/eða reynsla af stjórnun og rekstri er æskileg.
- Reynsla af áætlanagerð, s.s. verk-, kostnaðar- og fjárhagsáætlanagerð er æskileg.
- Leiðtogaþæfni, jákvæðni, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum er mikilvæg.
- Þekking á sviði framkvæmda er nauðsynleg.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnáslu er æskileg.
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni.
- Geta til að tjá sig í ræðu og riti.

Umsóknnum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknarfrestur um starf rekstrarstjóra Framkvæmda- og umhverfissviðs Húnabings vestra er til og með **25. febrúar nk.** Umsóknir skulu vera skriflegar og skal senda þær til skrifstofu Húnabings vestra, Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstangi. Öllum umsóknnum verður svarað skriflega. Áhugasamir geta kynnt sér starfsemi Húnabings vestra á heimasíðu sveitarfélagsins www.hunathing.is. Nánari upplýsingar um starfið veita Skúli Þórðarson, sveitarstjóri í síma 864-4806 og Leó Örn Þorleifsson, oddviti í síma 864-3939.